

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 690/2006 um skipulag vinnutíma farstarfsmanna.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

Vinnutími farstarfsmanns: Tímabilið frá því að vinna hefst og þar til henni lýkur og farstarfsmaðurinn er á verkstöð sinni, tiltækur atvinnurekandanum og stundar starf sitt eða starfsemi, þ.e. sá tími sem fer í alla flutningastarfsemi á vegum, einkum:

- a. akstur,
- b. lestun og losun farms,
- c. aðstoð við farþega til að fara í og úr ökutæki,
- d. hreinsun og viðhald ökutækis og búnaðar þess,
- e. önnur vinna sem er ætlað að tryggja öryggi ökutækis, farms þess og farþega eða til að uppfylla lagalegar skyldur sem tengjast beinlínis tilteknum flutningi, þ.m.t. eftirlit með lestun og losun farms, formsatriði á sviði stjórnsýslu sem snúa að lögreglu, tolli, útlendingaeftirliti o.s.frv.,
- f. sá tími sem farstarfsmaður skal vera á vinnustað, reiðubúinn að hefja vinnu, t.d. þegar hann bíður eftir að geta lestað eða losað ökutæki.

Sá tími sem starfsmanni er ekki frjálst að ráðstafa að eigin vild og þarf að vera á verkstöð sinni tilbúinn að hefja venjulega vinnu, með tiltekin verkefni sem tengjast vinnunni, einkum á tímabilum þegar beðið er eftir fermingu eða affermingu og ekki er fyrirséð hve lengi það varir, þ.e. annaðhvort fyrir brottför eða rétt áður en umrætt tímabil hefst nákvæmlega eða samkvæmt almennum skilyrðum, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um, eða samkvæmt skilmálum löggjafar aðildarríkjanna.

Vinnutími sjálfstætt starfandi ökumanns: Um sjálfstætt starfandi ökumann gildir sama skilgreiningin og um vinnutíma farstarfsmanns varðandi tímann frá því að vinna hefst og þar til henni lýkur og hinn sjálfstætt starfandi ökumaður er á verkstöð sinni, er tiltækur fyrir viðskiptavininn og stundar starf sitt eða starfsemi, aðra en almenna stjórnsýsluvinnu, sem ekki tengist beint hinum tiltekna flutningarekstri sem unnið er að.

Tiltækileiki:

- a. Önnur tímabil en þau sem tengjast vinnuhléum og hvíldartíma þegar þess er ekki krafist að farstarfsmaðurinn dvelji á verkstöð sinni en verður að vera tiltækur og svara útkalli til að hefja eða halda áfram akstri eða inna af hendi aðra vinnu. Einkum skal í þess háttar tiltækileika felast tímabil þegar farstarfsmaðurinn fylgir ökutæki, sem verið er að flytja með ferju eða lest, auk biðtíma við landamæri og af völdum umferðarbanns. Farstarfsmaður skal látinn vita af þessum tímabilum fyrirfram og fyrirsjáanlegri lengd þeirra, þ.e. annaðhvort fyrir brottför eða rétt áður en umrætt tímabil hefst, eða samkvæmt almennum skilyrðum, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um, eða samkvæmt skilmálum löggjafar aðildarríkjanna. Aðilar vinnumarkaðarins geta samið um fyrirkomulag upplýsingagjafar eða beitt ákvæði í lögum þar að lútandi.
- b. Að því er varðar farstarfsmenn í sömu áhöfn, sá tími sem setið er við hlið ökumanns eða legið í svefnaðstöðu á meðan ökutækið er á hreyfingu.

Verkstöð:

- a. staðsetning aðalstarfsstöðvar fyrirtækisins þar sem farstarfsmaður, sem sér um flutninga á vegum, sinnir skyldustörfum, auk þess ýmsar dótturstarfsstöðvar, óháð því hvort þær eru á sama stað og aðalskrifstofan eða aðalstarfsstöðin,

- b. ökutækið sem farstarfsmaður, sem sér um flutninga á vegum notar þegar hann sinnir skyldustörfum sínum, og
- c. aðrir staðir þar sem starfsemi, sem tengist flutningum er sinnt.

Farstarfsmaður: Starfsmaður sem er hluti af ferðstarfshópnum, þ.m.t. lærlingur og nemi sem eru í þjónustu fyrirtækis sem stundar flutningaþjónustu á vegum fyrir farþega eða vörur gegn gjaldi eða á eigin vegum.

Farstarfsmaður sem sér um flutninga á vegum: Farstarfsmaður eða sjálfstætt starfandi ökumaður sem stundar þess háttar starfsemi.

Flytjandi: Skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis eða sá sem hefur það að láni og notar það til farþega- eða vöruflutninga á vegum í atvinnuskyni og ekur því sjálfur eða ökumaður í hans þjónustu.

Sjálfstætt starfandi ökumaður: Hver sá sem hefur að aðalvatvinnu að flytja farþega eða vörur á vegum gegn gjaldi, og uppfyllir kröfur til að stunda fyrrnefnda flutninga, sem á rétt á að vinna fyrir sjálfan sig og er ekki bundinn af ráðningarsamningi við atvinnurekanda eða annars konar stigskiptu samvinnufyrirkomulagi, sem er frjálst að skipuleggja viðkomandi starfsemi, byggir tekjur sínar beinlínis á hagnaðinum af henni og hefur frelsi til að mynda viðskiptasamband við marga viðskiptamenn, einn og sér eða í samstarfi við aðra sjálfstætt starfandi ökumenn. Sá sem ekki uppfyllir þessar viðmiðanir skal bera sömu skyldur og njóta sömu réttinda og kveðið er á um fyrir farstarfsmenn skv. reglugerð þessari.

Næturvinnutími: Tíminn frá miðnætti til kl. 07.00, að lágmarki fjórar klukkustundir.

Næturvinna: Vinna sem er unnin að nóttu til.

Vika: Sjö dagar sem hefjast á miðnætti aðfaranótt mánudags og lýkur kl. 24.00 næsta sunnudag.

Fyrirsögn 3. gr. orðast svo: *Skilgreiningar*.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 44. gr. b. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 29. maí 2009.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.